— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* laun setts hjeraðslæknis. — Með þóknanlegu brjefi frá 10. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef, þar sem hjeraðslæknirinn í 6. læknishjeraði Íslands, Þorvaldur Jónsson, beiðist þess, að sjer megi veitast frá 1. janúar f. á. helmingurinn eða annar hluti af launum þeim, sem ætluð eru lækninum í 5. læknishjeraði, þar eð honum hefir verið lagt á herðar að gegna læknisstörfum í nefndu hjeraði. Fyrir því vil jeg ekki láta hjálíða að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að það verður að sitja við úrskurð þann, er þjer hafið lagt á málið, og þar sem það samkvæmt niðurlagi 3. greinar laganna frá 15. október 1875 hefir verið neitað beiðandanum um sjerstakt endurgjald fyrir að gegna hjeraðslæknisstörfum í 5. læknishjeraði. **69** 11. marz.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* sjúkrahúslegu sveitarómaga. — Með brjefi frá 1. þ. mán. sögðuð þjer, herra amtmaður mjer álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi á amtsúrskurði frá 11. okt. f. á., er skyldar nefndan hrepp til að endurgjalda Seltjarnarneshreppi 57 kr. 18 aur., er hafa verið goldnir upp í kostnað við legu Guðmundar Gamalielssonar, á sjúkrahúsinu í Reykjavík, og hafði Guðmundur legið þar að ráðstöfun hlutaðeigandi hjeraðslæknis frá 17. marz til 26. apríl 1877. **70** 3. apríl.

Það er ljóst af skjölum þessa máls, að nefndur Guðmundur Gamalíelsson, sem nú er dáinn, hafi verið sveitlægur í Mosfellshreppi 17. marz 1877, þegar hann eins og að ofan getur um, var fluttur á sjúkrahúsið í Reykjavík, einnig sjest það af hinum áfrýjaða úrskurði, að hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi, er 3. maí 1877 skýrði hreppsnefndinni í Mosfellshreppi frá því, að Guðmundur hefði verið fluttur á sjúkrahúsið gegn ábyrgð hreppsnefndaroddvitans í Seltjarnarneshreppi, síðar hefir greitt nefnda fjárupphæð sem sveitarstyrk veittan hlutaðeiganda, og verð jeg að fallast á álit yðar um að styrkur þessi hafi verið nauðsynlegur, og að Mosfellshreppur því ekki geti komizt hjá að endurgjalda hann Seltjarnarneshreppi. Aptur á móti heyrir sú spurning, hvort jarðeigendur þeir, er hafa án leyfis frá hlutaðeigandi sveitarstjórn leigt Guðmundi hús í Seltjarnarneshreppi, eigi samkvæmt 13. gr. tilskipunar 26. maí 1863 að endurgjalda framfærsluhreppnum hinn umrædda sveitarstyrk, undir úrslit dómstólanna, en Seltjarnarneshreppur getur ekki verið skyldur til að fylgja fram því máli, þar eð hreppur þessi, eins og að ofan getur um, hefir goldið nefnda upphæð sem bráðabirgðastyrk fyrir hönd Mosfellshrepps, og gegn endurgjaldi af hans hálfu.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, skal hinn nefndi amtsúrskurður frá 11. oktbr. f. á. hjer með staðfestur, og er þetta tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* atkvæðisrjett bæjarfógeta í Reykjavík. — Í tilefni af erindi því, er hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 12. jan. þ. á., og þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar óskar úrskurðar ráðgjafans um þá spurningu, hvort bæjarfógetanum beri samkvæmt tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, atkvæðisrjettur á **71** 6. apríl.

LEIÐRJETTING. Efst á bls. 90—96 hjer að framan er skakkt prentað númer hreppstjórareglugjörðarinnar „86“ í stað 68.

Hinn 18. júní 1880.

Reykjavík, 1880. Einar Þórðarson.